



Dagsetning: 07.11.2019
Málsnúmer: 1904128/2.1.0

Til bæjarráðs

Um breytingar á fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar 2020 – 2023 fyrir seinni umræðu í bæjarstjórn

Eftir yfirferð og athugun á tillögu að fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2020 og 3ja ára áætlun fyrir árin 2021-2023 auk útgönguspár fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Að framlög til 04 Fræðslumál verði lækkuð um 5 m.kr. vegna kostnaðar við vistun barna í skólum utan Fjarðabyggðar.
- Að framlög til 21 Sameiginlegur kostnaður verði lækkuð um 5 m.kr. vegna kostnaðar við aðkeypta þjónustu m.a. vegna áhættumats.
- Ný þjóðhagsspá Hagstofu Íslands hefur verið lög fram og gert er ráð fyrir að miða við hana varðandi fjármagnsliði áætlunarinnar. Ný spá gerir ráð fyrir að verðlag hækki um 3% í stað 3,4% á milli áranna 2018 til 2019 og um 2,6% í stað 3,2% milli áranna 2019 til 2020. Nettó áhrif þessarar breytinga lækkar rekstrarkostnað vegna fjármagnsliða um 15,6 m.kr. á árinu 2020 í A hluta en um 32,5 m.kr. í samstæðu.
- Að taka mið af nýrrar áætlunar Jöfnunarsjóðs um framlög á árinu 2019 og 2020 en framlögin hækka frá fyrri áætlun um 68,3 m.kr. á árinu 2020 og 100,6 m.kr. á árinu 2019. Mest er breytingin í útgjaldajöfnunarframlagi en einnig í öðrum framlögum frá fyrri áætlunum.
- Að áætlun um reiknaðar lífeyrisskuldbindingar hækki um 56,2 m.kr. og nemi samtals 210,5 m.kr.
- Að laga villu sem var í tillögu að fjárhagsáætlun við fyrri umræðu og snéri að millifærslum milli málaflokka vegna innri viðskipta málaflokka og deilda sem eru nettuð út í niðurstöðutölum. Gleymst hafði að kostnaðarfæra lækkun á fasteignagjaldtekjum. Að teknu tilliti til þessa og minni látökupörf lækkar rekstrarkostnaður um 78 m.kr. í A hluta og samstæðu um tæpar 94 m.kr.

Samtals hafa þessar breytingar í för með sér að rekstrarniðurstaða A hluta batnar um 116 m.kr. og samstæðu í heild um tæpar 148 m.kr.

Samhliða er hægt að lækka áætlaðar lántökur á árunum 2019 – 2023 um 615 m.kr.

Sjá nánari á meðfylgjandi yfirliti um breytingar á niðurstöðu fjárhagsáætlunar milli umræðna.

Snorri Styrkársson
Fjármálastjóri